

REGLUGERÐ

um bann við veiðum um páskahelgi og um sérstök línu- og netasvæði
út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Frá kl. 20:00, 22. mars 1986 til kl. 10:00 árdegis 1. apríl 1986, er bátum, sem eru minni en 10 brl. óheimilt að stunda fiskveiðar, aðrar en grásleppuveiðar, í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Á tímabilinu frá kl. 20:00, 25. mars 1986 til kl. 10:00 árdegis 1. apríl 1986 er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

3. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. apríl 1986 til og með 15. maí 1986, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°40'5 V og að norðan af 64°20'0 N.

4. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. apríl 1986 til og með 15. maí 1986 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- a) 63°10'0 N, 22°00'0 V.
- b) 63°25'3 N, 22°00'0 V.
- c) 63°33'7 N, 23°03'0 V.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 26. mars 1986 fellur úr gildi reglugerð nr. 389 15. október 1985, um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. mars 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.